



**MYNDLISTARHÚSIÐ  
Á MIKLATÚNI**

Reykjavik Municipal Art Gallery

# MYNDLISTARHÚSIÐ Á MIKLATÚNI

*Reykjavík Municipal Art Gallery*

REIST Í TILFNI AF  
ÁTTRÆÐISAFMÆLI JÓHANNESAR S. KJARVAL

OPNAÐ 24. MARZ 1973

Þegar Reykjavíkurborg var áttítt 180 ára afmæli þ. 18. ágúst 1966 var ekki mikið tilstand í bænum. Þó gerðist þann dag atburður, sem átti eftir að skila árangri, sem vafalaust verður mikils metinn meðal borgarbúa. Í kalsaveðri kom saman hópur manna á Miklatúni í þeim tilgangi að sjá hefjast framkvæmdir við byggingu myndlistarhúss þar á staðnum. Fremstur í flokki var þar Jóhannes S. Kjarval, og hafði hann meðferðis skóflu í poka. Framkvæmdir hófust síðan með því, að Kjarval stakk fyrstu skóflustunguna. Geir Hallgrímsson borgarstjóri flutti stutt ávarp, þakkaði listamanninum og gat þess jafnframt, að þótt engin önnur hátíðarhöld yrðu á þessum afmælisdegi Reykjavíkur, væri ekki ólíklegt, að síðar myndi talið, að þessa afmælis hefði verið minnt á óvenjulega eftirminnilegan hátt.

Jóhannes S. Kjarval mælti síðan nokkur orð og athöfn þessari var lokið. Tóku nú stórvirkar vinnuvélar við, og síðan hefur verið unnið við húsið fram á þennan dag, en nú er því langþráða marki náð, að húsið verður tekið til afnota og opnað formlega með fyrstu listsýningunni, verkum eftir Jóhannes S. Kjarval.

Það var árið 1965, sem borgarráð samþykkti að gangast fyrir byggingu myndlistarhúss samkvæmt nánara

samkomulagi við listamennina. Var í samþykkt borgarráðs gert ráð fyrir tveimur aðalbyggingum, og skyldi vestari byggingin vera almennur sýningaraskáli, en eystri byggingin sérstaklega ætluð til sýninga á verkum Jóhannesar S. Kjarvals. Á því ári var einmitt haldin sýning á verkum Kjarvals í gamla Listamannaskálanum við Kirkjustræti, og var sýningin haldin í þeim tilgangi að afla fjár til myndlistarhússins á Miklatúni. Listamannaskálinn gamli var þá mjög farinn að láta á sjá, hélt hvorki vatni né vindi, enda byggður til bráðabirgða og vígður 4. apríl árið 1943 og hafði því raunar staðið í aldarfjórðung, sem ekki er óalgengt um bráðabirgðahús á Íslandi. Bygging nýs samastaðar fyrir myndlist var því orðin knýjandi nauðsyn í Reykjavík. Og nú er hin langþráða stund runnin upp. Glæsilegt hús í tengslum við fagran skruðgarð opnar dyr sínar fyrir borgarbúum. Í reglum hússins, sem settar voru í borgarráði í samráði við stjórn Bandalags ísl. listamanna, segir, að markmið borgarinnar með byggingu og rekstri hússins sé, að þar verði sköpuð aðstaða til að kynna almenningi eftir því, sem aðstaður leyfa og henta þykir, myndverk, sem séu í eigu borgarinnar og ekki eru þegar aðgengileg úti við eða í stofnunum borgarinnar, sérstaklega þó

verk eftir Jóhannes S. Kjarval. Á mörgum undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg eignast drjúgt safn fagurra listaverka eftir marga listamenn, eldri sem yngri. Gefast nú tækifæri til þess að kynna borgarbúum þetta listasafn borgarinnar.

Í reglum hússins segir enn fremur, að það sé markmið borgarinnar, að í húsinu verði aðstaða til listsýninga innlendra og erlendra manna og samtaka og hvers konar kynningar á lista- og menningarstarfsemi, sem eðlilegt þyki að fari þar fram. Samkvæmt þessu á húsið að geta orðið vettvangur myndlistar, tónlistar, bókmenntakynninga, ráðstefna og umræðufunda um hvers kyns menningarmál, svo að nokkuð sé nefnt.

Umfram allt á hús þetta að verða menningarmiðstöð borgarbúa. Hér á að ríkja það andrúmsloft, sem dregur borgarbúa til sín. Menningarlegt umhverfi, sem fólki líður vel í, en þó engin lognmolla. Hér eiga menn að geta tekið afstöðu með eða á móti stefnum og straumum í listum og menningarmálum. Rökrætt og deilt ýmist á fundum eða sín á milli yfir kaffibolla. Í þetta hús á að vera gott að koma.

*Birgir Ísl. Gunnarsson*

#### 4 THIS SHOULD BE A GOOD HOUSE TO COME TO . . .

When Reykjavik celebrated the 180th anniversary of its charter as a market town on 18th August 1966 there were no elaborate preparations. However, on that day there occurred an event whose outcome will undoubtedly be rated highly by its citizens. In raw weather a group of people gathered on Miklatun to witness the first step in the building of an art gallery on the site. At the head of the group was Johannes S. Kjarval, who had brought with him a sack containing a spade. The ceremony was opened by Kjarval digging the first spadefull of earth. After this Geir Hallgrímsson, then mayor of Reykjavik, made a speech thanking the artist and at the same time remarking that though there were no other celebrations on the occasion of the anniversary, it was not unlikely that later it would be considered to have been celebrated in an unusual and memorable fashion.

Johannes S. Kjarval then said a few words, and the ceremony was over. Powerful machines moved in, and work on the building has continued up to the present day, when the long-awaited goal has been achieved and the gallery handed over and formally opened with an exhibition of the works of Kjarval.

The decision to build an art gallery in

accordance with a more detailed agreement with the artists was taken by the City Council in 1965. This decision provided for two main buildings: a western wing for general exhibitions, and an eastern one specially set aside for exhibitions of works by Kjarval. In fact a Kjarval exhibition was given the same year in the old Artists' Hall in Kirkjustræti with the object of collecting funds towards the Miklatun art gallery. The old Artists' Hall was then beginning to show signs of wear and was neither water-nor wind-proof, having been built as a temporary expedient only, and opened on 4th April 1943; thus having stood for 25 years, which is not unusual for temporary buildings in Iceland. The erection of a new art centre had therefore become a matter of some urgency in Reykjavik. And now the long-awaited hour has arrived. A splendid building set in attractive gardens opens its doors to the public. In the regulations of the gallery, drawn up by the City Council in consultation with the committee of the Federation of Icelandic Artists, it is stated that the object behind its building and operation is to provide conditions whereby the public shall be given the opportunity, where possible and considered appropriate, to become familiar with works of art owned by the city and not accessible elsewhere, and especially works by Johannes S. Kjarval. Over a period of many years the City of Reykjavik has acquired a considerable collection of fine

works of art by a large number of artists, both older and younger. There is now an opportunity to make this city collection available to the citizens.

The regulations state, moreover, that it shall be an object to provide conditions for exhibitions by both native and foreign artists and organisations, and for all kinds of artistic and cultural activity such as may be considered appropriate to have there. In accordance with this the house can provide premises for artistic, musical and literary occasions and for conferences and discussion groups on cultural matters of all kinds.

Above all, this house is to be a cultural centre for the people of Reykjavik. It should offer an atmosphere that will attract; a cultural environment where people can relax – but no torpid backwater. Here people should be able to form their own opinions – favourable or unfavourable – of schools and trends in art and culture, debate and discuss such matters either at public meetings or among themselves over a cup of coffee.

This should be a good house to come to.

*Birgir Ísl. Gunnarsson*



## 6 HVERT ER MAT OKKAR Á KJARVAL?

Sá tími er liðinn að þeir sem lifa geti veitt sér þann munað að hefja upp róminn með léttu hjali í skálaræðustíl sér til skemtunar um Jóhannes Sveinsson Kjarval (heiðursgesturinn var einatt ekki viðlátinn, jafnvel í lifanda lífi, þegar verið var að hylla hann). Nú er þar komið að skyldan við söguna býður okkur að tala varlega, að minstakosti halda okkur við staðreyndir, hver eftir sinni getu. Og þá vandast málið. Þekkingu okkar á staðreyndum í persónulegri listsögu Kjarvals er semsé nokkuð ábótavant. List hans var háð sífeldum breytingum, og kanski ekki aðkallandi að gaumgæfa rök þessa breytileika á liðanda stundu meðan alt var í nútíð, bæði hann og við; enda get ég sagt fyrir mig, sem þó hugsaði oft um Kjarval, að ég þekki list hans ekki einusinni nóg til að skýra hvað veit upp og hvað niður í þessu tröllaukna verki, hvað er fast hjá honum, og af hverju er sprottið það sem einlægt heldur áfram að koma manni á óvart í verki hans. Við náum ekki heildarsýn yfir verk hans sakir skorts á einföldustu vitneskju um krónólógíu þess. Við vitum ekki einusinni hvar einstök verk eru niður komin, nema tiltölulega fá. Það dugir skamt að álykta af einstöku málverki sem við kanski höfum aðgáng að, eða fáeinum sem saman heyra úr kunnustu stílskeiðum hans, ef ekki er hægt að gera sér grein fyrir því hvar hvert verk á heima í samanlagðri þróun listamannsins. Persónulegur ferill listamanns sem starfar lánga ævi er að sínu leyti smækkuð mynd

af listsögu þjóðar. Til skilnings verður að skipa því saman sem saman á í lángrí þróun, aldurgreina einstök verk og stílskeið, skipa hlutunum niður í afmörkuð tímabil, svo skiljist hvað er undanfari hvers, og hlutirnir skýrist hver út frá öðrum, eða að minstakosti geri ekki hver annan óskiljanlegan einsog hlýtur að verða ef maður virðir æviverkið fyrir sér alt í einum graut. Einsog er, ríkir ámóta fáfræði um list Kjarvals og vera mundi í íslenskri listsögu ef menn skorti gögn í hendur til að skera úr hvort flatartúngufjalirnar væru úr frumkristni á Íslandi eða hefðu verið útskornar í tilefni alþingishátíðarinnar 1930; eða treystu sér ekki til að fullyrða hvor bókin væri rituð fyr, Njáls saga eða Heiðarbýlið.

Einsog er, þekkjum við list Kjarvals best frá þeim tímum sem kenna má við styrjaldarárin, þegar myndir hans fara alment að fá orð á sig sem stofuprýði meðal bjargálmanna í Reykjavík. Það voru mestan part myndir af góðkunnu landslagi séðu á nýstárlegan hátt, gerðar með olíulitum á stóra dúka. Á þessum árum þyrptust menn á sýningar hans og vildi hver verða öðrum fyrri til að klófesta þessa stórbrotnu dúka, sem oft máttu heita monúmentalir, og andstæður við flest stofustáss í okkar smáborgaralegum hibýlum, þar sem þeir voru heingdir upp. Þessi listkaup voru kanski ekki alténd ger af ástæðum sem skilyrðislaust mætti kalla listrænar. Hitt er annað mál að Kjarval var slíkur listamaður að hann gat málað

myndir sem töfrudu menn þó þeir hefðu sér vitanlega aungvan áhuga né skynbragð á list. En eftir að slíkt málverk var komið uppá stofuvegg var húsið ekki leingur hið sama og fólkíð í húsinu ekki heldur. Samfara metnaðarfullri verkefnum náttúrubundnum, dundaði Kjarval einatt við gerð huglægra mynda, með vatnslitum kít eða bleki, sem fólk kallaði „draumsjónamyndir“ hans, og höfðu að meira eða minna leyti snertingu við stefnur sem uppi voru í tímanum; voru þó fyrst og fremst holdtekníng hans innra lífs, opinberun lífssýnar hans, andsvar hans við heiminum. Almenníngur hló að þessum myndum og listamaðurinn var sjálfur ekki snokinn fyrir að sýna þær öðrum en listrænum vinum sínum. Honum var fróun í að heingja þær upp í húsum þeirra. Mart af þessum myndum, sumt undraverð listaverk, var gert á viðkvæmt og óvandað efni sem var lítt fallið til geyslu. Þegar þetta fór að hrúgast upp hjá honum setti hann það niður í ruslakassa, eða þegar best lét, innaní möppur, þar sem það sá ekki frammar dagsins ljós. Stundum feingu kunníngjar hans að velja úr þessu það sem þeim sýndist og hafa heim með sér; kanski týna því. Nokkru af þessu hefur hafst uppá að honum látnum, mart í laklegu ástandi sakir vanhirðu; sumt hefur horfið. Væna aðréttu af slíkum myndum ánafnaði listamaðurinn Reykjavíkurborg áður en hann lést, og var sumt af því illa farið. Ánægjulegt er að taka það fram að í þessu takmarkaða safni sem borgin hefur



8 eignast, og nú er sýnt opinberlega, hefur ekki allfáum hinna smágerðu hálistrænu verka meistarans verið bjargað frá eyðileggingu. Ýmsar þær myndir sem höfðu orðið hardest úti, sumpart af mannavöldum, sumpart af tímans tönn, hafa nú feingið viðgerð af natni og nákvæmni hjá amerísk-ítölskum listamanni, sem að auk er alþjóðlega kunnur sérfræðingur í viðgerð listaverka, Frank Ponzi. Þessar myndir hafa að því ég best veit ekki áður verið sýndar opinberlega, og í rauninni ekki verið athugaðar af fróðum mönnum. Við vitum enn ekki hvar á að skipa þeim stað og tíma í þróunarsögu meistarans. Rannsókn gæti leitt í ljós að þessi *kleinkunst* frá ýmsum tímum væru höfuðþáttur í list Kjarvals aungvisiður en mannamyndagerð hans eða stóru dúkarnir með olíulandslögunum. Sýning einsog þessi, sem við botnum raunar ekki í, knýr fast á um nauðsyn þess að skrá verk Kjarvals einsog þau leggja sig, leita þau uppi hvar sem til þeirra næst, skjalfesta ekki aðeins aldur, stærð og mótif, heldur alt sem máli skiftir og vitað er um eitt og sérhvert verk. Hvernig stóð á því að verk Kjarvals komust aldrei á raunverulegan listmarkað þannig að nokkurnveginn viðurkennt markaðsverð myndaðist á þeim? Hvað kom til að þessari list varð með árángri haldið utan við almenna listverslun heimsins? Hvernig var hægt að koma í veg fyrir að menn sem kaupa málverk af listrænum áhuga í nálægum löndum heyrðu nokkurntíma Kjarvals getið? Maður skyldi

ætla að þar hefði þó þurft nokkuð til. Af ýmsu skilst að svör við þessari spurningu séu bundin séríslenski þjóðfélagsfræði (sem vonandi er til). Nema eitt er víst, dreifing á list Kjarvals hefur gerst án snertingar við þekt lögmál sem ráða í viðskiftum með verðmæti af þessu tagi. Í enska vikuritinu The Observer stóð ekki alls fyrir laungu grein eftir sérfræðing ritsins í listverslun og taldi hann að verð á verkum eftir meistarana, svo forna sem nýja, lægi í kríngum þúsund sterlingspund, lágmarksverð fyrir verk, á alþjóðlegum listmarkaði. List sem væri seld undir því verði ætti ekki heima í listverslun, heldur væri keypt af öðrum ástæðum, svo sem greiðasemi, vináttu, góðgerðastarfsemi eða fáfræði. Það er alténd fróðlegt að kynnast sjónarmiðum þeirra sem þekkjja þessi viðskifti, þó sjálfsagt megi leingi deila um frambærilegt lágmarksverð á verki af heimslistargráðu. Að sínu leyti er einnig ljóst að endalaustr má deila um „fegurð“ og aðra kosti myndar, eða á hinn bóginn sanna að hún sé vond, afturámóti ekki um verðmæti hennar mælt í pundum (að minstakosti ekki fyr en pundið er fallið ofaní ekki neitt). Who is your agent, er spurning sem málari er vanalega spurður erlendis ef einhver vill kaupa af honum mynd, – hver er umboðsmaður yðar? Í flestum löndum þar sem við þekkjum til er svotil óhugsandi að nálgast málalari í verslunarhug öðruvísi en skifta við umboðsmann málalans. Sá málari sem ekki

hefur fyrir sig umboðsmann með réttindum og skyldum, eða selur gegnum viðurkennt gallerí, er álíka illa kominn og pressulaus stjórnmalamaður eða rithöfundur sem ekki hefur forleggjara. Fólk útifrá á þess ekki kost að fréttu um fulltrúalaus listamann fremur en lesendur um forleggjaralaus rithöfund. Menn freistast til að halda að listamaður sem sjálfur selur verk sín á götunni eða við eldhúsdyr sé svo vondur að einginn umboðsmaður vilji taka hann að sér. Meðan listamaður er bundinn samningum við umboðsmann er ekki ætlast til að hann versli með framleiðslu sína í blóra við hann. Umboðsmaður er vitaskuld tilgángslaus ef listamaðurinn sjálfur hefur ekki hug á því að halda list sinni í einhverju lágmarksverði. Það var einmitt þennan áhuga sem Jóhannes Sveinsson Kjarval vantaði. Fyrir bragðið komust myndir hans ekki í verð. Að visu kom fyrir að vel múraður náungi í góðu skapi, eða stofnun sem ber virðingu fyrir sjálfri sér, rífi dálítið úr hryggjunum í viðskiftum við Kjarval; en verðið var aldrei það sem átt er við með markaðsverði, heldur reis á dutlungum eða örlyndi. Næsta mynd fór kanski gefins til ókunnugs utanbæarmanns sem rakst inn til meistarans til að tæta af sér brandara ofanúr sveit, og kom því að í leiðinni að sig vantaði málverk handa aldraðri frænku sinni fyrir norðan, sem aldrei á ævinni hafði eignast mynd og nú var byrjuð að tapa sjón, svo ekki var seinna vænna. Ellegar heldrifrú liður kurteislega innúr dyrunum





10 með sængurfiðu í poka að gefa listamanninum í heiðursskyni af því honum hljóti að vera kalt á nótinni. Þá var nú meistarinn ekki seinn á sér að taka monúmentalt málverk ofanaf vegg og fá konunni; heingdi síðan sængina á naglann. Semsé ekki vænlegasta leiðin til verðmyndunar á listaverkum. Þetta fyrirkomulag hafði í för með sér að ýmsir, bæði ég og aðrir, báru út frá meistaranum, meðan hann var á dögum, ókjör af myndum, og voru oft hráar undan penslinum, stundum frumdrög, hálfunnið eða ófullgert dót, einnig hraðunnar landslagsmyndir af því tagi sem hann gerði stundum í tugatali af sama mótífi meðan hann var að leita að hinni fullkomnustu tjáningu þess; en stundum líka fullgild snildarverk. Kjarval tilheyrði þeirri kynslóð listamanna sem var innprentaður sá mórall rómantikinnar að skáld og snillingar og aðrir andans menn ættu að lifa í stöðugum guðmóði, „inspireraðir“ og hafnir yfir mannlífið en þó einkum og sérílagi þau verðmæti sem metin verða til peninga. Ef þeir áttu að halda tignarsessi í hugum rómantískra bjargálmanna þá máttu þeir ekki hafa alment búvit. Verðmætum sem þeir sköpuðu áttu þeir helst að ausa út gefins. Aðrir máttu hagnast á list; listamenn ekki. Stundum gat myndast vítahringur af þessum happa- og glappaviðskiftum. Vöntunin á föstu markaðsverði á list Kjarvals bitnaði einnig, þegar frá leið, á þeim myndum meistarans sem hann hafði

upphaflega látið frá sér við sómasamlegu verði. Dæmi: heiðarleg fyrirtæki, stofnanir eða opinberir aðiljar þurftu af kurteisisástæðum að færa samsvarandi aðiljum utanlands gjöf, til dæmis í Danmörku. Þeir láta velja í þessu skyni það besta sem til var á Íslandi í list, mynd eftir Kjarval. Kurteisin var að vísu þökkuð með virktum, og það var skrifað um þetta í blöðin, en þegar fram liðu stundir kom uppúr dúrnum að myndin hafði ekki verðgildi utan Íslands. Í sumum tilfellum var gjöfin látin ganga aftur til Íslands, þegar sá aðilji varð hallur af heimi sem svaraði fyrir myndina. Í öðrum tilfellum voru Kjarvalsmyndir sem lent höfðu utanlands tíndar upp af spákaupmönnum fyrir samasem ekki neitt. Þeir fóru síðan með þær til Reykjavíkur og seldu þær á axjón við verði sem á ekki skylt við listaverkaverð, heldur minnir á verð sem vant er að hafa á drasli úr dánarbúum eða góssi innbrotspjófa. Ekki alls fyrir laungu var ég hríngdur upp í Kaupmannahöfn af manni sem hafði áskotnast slík mynd. Hann sagðist ekki hafa pláss fyrir hana, myndir eftir þennan málara væru í aungvu verði í Danmörku, og bauð mér hana fyrir smánarpris. Eldra dæmi úr eiginreynslu um ríngulreiðina í verðmyndun á Kjarval: Það var rétt eftir stríð. Á þessum tíma voru málverk meistarans stundum keypt á herra verði en áður hafði þekst á Íslandi í listkaupum. 30 þúsund krónur fyrir mynd voru þá ekki smápeningar einsog nú og kom fyrir að Kjarvalsmyndir færu á því

verði. En það var aðeins dutlúngaverð. Í miðri þeirri kaup tíð sem þá virtist vera að renna upp hjá Kjarval slæddist ég inn í sal niðri bæ þar sem var verið að selja listaverk á axjón. Þar var stór olíumálaður dúkur eftir Kjarval og ég fór að bjóða í hann af rælni. Eftir tvö eða þrjú gagnboð var mér slegin myndin við verði sem er langt undir verði einnar máltíðar á veitingahúsi í Reykjavík núna. Reynsla er fyrir því að tíð uppboð á verkum listamanns stuðla að því að gera list hans verðlausa. Skömmu fyrir lát Kjarvals höfðu einhverjir spaugarar komist yfir hátt í hundrað myndir meistarans og settu þær á axjón í Reykjavík þar sem þær fóru á verði sem aðeins þekktist á eldhúsdyralist. Þegar skráning hefur farið fram á öllum verkum Kjarvals finnanlegum, einsog verið hefur í umræðu nokkur ár hjá þartilbærum aðiljum, væri ráð að kveðja til sérfróða dómsmenn sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar í mati á listaverkum, og láta þá auðkenna í skránni þau verk sem ekki verða flokkuð undir uppköst, tilraunir, hálfunnin verk eða skyndimyndir, heldur mega heita fullgerð listaverk. Mér er nær að halda að í samanlögðu æviafreki Kjarvals, sem er næsta ótrúlegt að vöxtum, sé furðu hár hundraðshluti sem verðskuldi einkunnina „fullgerð listaverk“. Slíkt auðkenni mundi þýða að myndin væri talin eiga heima í gæðaflokki sem ekki stæði að baki þeim listaverkum á alþjóðamælikvarða sem eru miðuð við þúsund punda lágmarkið. Sankt Gallen *Halldór Laxness*

The time for indulging in after-dinner type speeches about Johannes Sveinsson Kjarval (in his lifetime the guest of honour was generally absent on these occasions) is over. Now our duty to history warns us to choose our words with care and stick to the facts. And this is more difficult. The truth is that our knowledge of the facts of Kjarval's personal artistic history is far from complete. His art was constantly changing, and while he was still with us perhaps there was not so much urgency about making a close examination of the causes of change. Now, for lack of the most elementary evidence of its chronology, it is impossible for us to obtain an overall view of his work. We are even unable to locate more than a small proportion of his individual works. Conclusions that may be drawn from a particular picture to which we have access, or the few that belong to his most familiar stylistic period, are of limited value, unless each work can be placed in the context of the artist's whole development. The personal career of an artist with a long working life is in some respects the artistic history of a nation in microcosm. To understand it, one must group together related features over an extended evolution, date individual works and stylistic periods, or place them within well defined time limits, so that their sequence can be established and one thing throw light on another – or at all events not cloud the issue, as is bound to be case when one attempts to assess a lifetime's

work in a disordered heap. As things are, we know Kjarval's work best from the war years, when his pictures began to acquire status as adornments for the drawing-rooms of the well-to-do in Reykjavik. These were mostly familiar landscapes seen in a new way, painted in oils on large canvasses. In those days people crowded to his exhibitions and vied with one another in trying to gain possession of massive paintings that could often be described as monumental and were in violent contrast with most decorations in the petit-bourgeois homes in which they were hung. This picture-buying was not altogether to be ascribed to an unequivocal love of art, but Kjarval was such an artist that he was able to enchant people with little conscious appreciation or understanding of art. And once the pictures were on the walls, the house was no longer the same – nor the people in it, either. Beside his more ambitious naturalistic paintings, Kjarval was constantly trying his hand at the more abstract works in water-colour, pastel, or pen-and-ink, called by some his "dream images" and related more or less to contemporary schools, but essentially the incarnation of his inner life, the revelation of his life view, and his answer to the world. The public laughed at these pictures, while the artist was reluctant to show them to any but his artistic friends. He found consolation in hanging them in their houses. Many of these pictures some of them exquisite works of art – were



executed on perishable and imperfect materials ill suited for their preservation. When they began to accumulate, he would throw them in a waste-box, or, at the best, put them away in folders, where they never saw daylight again. Sometimes his acquaintances were allowed to choose whatever they would and take it away, perhaps to be lost. Some of all this has been tracked down since Kjarval's death; much of it in a poor condition, owing to careless keeping. Some has vanished. A fair portion of works of this kind was made over by the artist to the city of Reykjavik before his death; some of it in a bad way. It is satisfactory to be able to say that in this limited collection of the city of Reykjavik quite a number of the smaller masterpieces have been saved from destruction. Some of the pictures that had suffered most, from either the hand of man or the tooth of time, have now been carefully restored by the Italian-American artist Frank Ponzi, who is a world-known specialist in this field. To the best of my knowledge none of these pictures has been publicly exhibited before; nor, for that matter, examined by experts. We are still ignorant of their place in the history of the artist's development. Research may show this minor work of various periods to have been a major element in Kjarval's art, no less than his portraits or large landscapes in oils. An exhibition such as the present one, which really defies our understanding, underlines the importance of having

Kjarval's works traced and catalogued, with a record of all known facts about each and every work.

How is it that Kjarval's work never really found a market in the sense that a more or less accepted price was established for it, or that his art could be excluded from the general art-dealing of the world? How was it possible to prevent people who buy paintings for artistic motives from even so much as hearing of Kjarval? The answers to such questions are to be found in uniquely Icelandic sociological circumstances. The distribution of Kjarval's art has taken place totally without reference to the laws that normally govern commercial transactions in objects of value of this kind.

In a recent article by the art expert of the English Sunday paper, *The Observer*, it was stated that the minimum price for the work of a master, ancient or modern, on the international market was about one thousand pounds. Works sold below this price did not belong to art dealing proper but were bought for other reasons such as favour, friendship, charity, or ignorance. It is always instructive to learn the views of those familiar with this commerce, though of course one could dispute at some length on the acceptable minimum price for a work of art on an international scale, while questions regarding the "beauty" of a picture and its other qualities, or its badness, are also matters open to dispute; though hardly its value measured in pounds

– at all events, so long as the pound has a value!

The question which an artist is generally asked if anyone wants to buy a picture by him in countries other than Iceland is, "Who is your agent?" In most places it is next to unthinkable that any business dealings should take place except through the artist's agent. A painter without a duly appointed and contracted agent or a recognised gallery to sell his pictures for him is as badly placed as an author without a publisher or a politician without the press. Of course, there is no point in having an agent if the artist himself has no interest in securing a minimum price for his work. It was just this kind of interest that was totally lacking in Johannes Sveinsson Kjarval, with the result that a proper price for his work was never established. From time to time a wealthy individual turned up in a generous mood, or some self-respecting institution stretched itself a little in its dealings with the artist; but the price was never what is meant by a market price, rather one based on fancy or generosity. The next picture might be given away to some countryman who happened to drop in to tell a country story and mentioned by the way that he wanted a painting for an old aunt in the north who had never possessed a picture in her life and was now beginning to lose her sight, so it was high time something was done about it. Or perhaps some lady might slip courteously through the door with a bag of

14 feathers for the artist's eiderdown because he was cold at night. Then the master would not hesitate to take down a monumental work from the wall, give it to her, and hang the eiderdown on the nail in its place. In a word, not the most satisfactory way of establishing a value for works of art. The result was that a number of people – myself included – were the recipients of a mass of pictures from the artist during his lifetime: some fresh from the brush, some rough sketches and unfinished stuff, beside the rapidly executed landscapes of the sort which he would dash off by the dozen on the same theme while trying to find the most perfect expression of it. But sometimes finished masterpieces, too. Kjarval belonged to a generation marked with the stamp of romanticism and the belief that poets and geniuses should live in a constant state of inspiration, exalted above ordinary mortals and especially above all that could be valued in terms of money. If they were to maintain their status in the eyes of the romantic well-to-do they had to be lacking in the most elementary business sense. The objects of value created by them should preferably be poured out gratuitously. Others might profit from art, but not artists. Sometimes a vicious circle could be formed by this hit or miss system. As time went on, the lack of a steady market for Kjarval's work began to affect the pictures already sold by the artist for a respectable price. For example, enterprises of standing,

institutions and public bodies needed to make presentations to corresponding parties abroad, for instance in Denmark. To this end they chose the best available in Icelandic art: a painting by Kjarval. The gesture was naturally acknowledged with gratitude and written about in the press, but after a while it emerged that, outside Iceland, the picture had no value. In some cases the gift found its way back to Iceland – when the parties concerned got into financial difficulties to a tune equivalent to the Icelandic value of the pictures. In others, the Kjarval pictures that had gone abroad were rounded up by speculators for next to nothing and auctioned at a price that had more in common with what is paid for junk when estates are sold up or for stolen goods by a fence than with the value of a work of art. Not long ago I was rung up by a man in Denmark who had acquired a Kjarval in this way and offered it to me for a song. An earlier example of the confusion of values occurred during the boom period after the last war, when Kjarval's paintings sometimes fetched as much as 30,000 kronur – no small sum in those days. I happened to wander into an auction-room in Reykjavik one day. Among other works of art up for auction, there was a large oil by Kjarval, for which I began to bid idly. After two or three counter-bids the picture was knocked down to me for somewhat less than the price of a single meal in a Reykjavik restaurant today.

Experience goes to show that too frequent auctions of an artist's work have the effect of devaluing his art.

When all Kjarval's known work has been catalogued, as proposed, it would be advisable to call in experts to classify it according to whether items are drafts, experiments, rough sketches or unfinished pictures, or finished works of art. I am inclined to the view that of the enormous output of Kjarval's working life, a surprisingly high proportion would be found in this last category, and thus regarded as comparable with works that, by international standards, are associated with a minimum price of one thousand pounds.

Sankt Gallen

*Halldór Laxness*



## 16 MYNDLISTARHÚSIÐ Á MIKLATÚNI

Alllangt er síðan umræður hófust um byggingu listasafns á vegum Reykjavíkurborgar, byggingu varanlegs húss fyrir myndlistarsýningar og aðstöðu til ýmiss konar annarrar listkynningar. Borgarstjórn ræddi á sínum tíma um byggingu sérstaks borgarlistasafns og um listasafn í fyrirhuguðu ráðhúsi. Þessar hugmyndir voru engan veginn fastmótaðar, enda var ekki um að ræða mikla listaverkæign borgarinnar á þeim tíma.

Listamannaskálinn við Kirkjustræti hafði gegnt mikilvægu hlutverki í borgarlífinu allt frá 1943, en sýnt var, að ekki yrði þar um að ræða frambúðarvist myndlistar í Reykjavík. Höfðu ýmis samtök myndlistarmanna leitað eftir lóð undir varanlegt sýningarhús og nokkrir staðir komið til álita í þeim efnun, m. a. Miklatún, sem síðar var nefnt svo.

Í tillögu að skipulagi Miklatúns frá öndverðu ári 1964 var gert ráð fyrir, að þar yrði unnt að koma fyrir sýningarskála fyrir myndlist ásamt litlu veitingahúsi o. fl. Borgarráð féllst á þessa skipulagstillögu, og vorið 1964 samþykkti borgarráð að gefa Félagi ísl. myndlistarmanna fyrirheit um leyfi til að reisa sýningarskála á þessum stað. Árið 1965 varð Jóhannes S. Kjarval átræður, og þótti ástæða til að minnst þessa þjóðfræga snillings, sem svo mjög hafði sett svip á Reykjavík áratugum saman. Ragnar Jónsson forstjóri færði það í tal við þáverandi borgarstjóra, Geir Hallgrímsson, að afmælisins yrði minnzt með þeim eftirminnilega hætti, að borgin

tæki að sér forgöngu um byggingu sérstaks húss Kjarval til heiðurs, þar sem hvort tveggja væri, sérstök húsakynni ætluð verkum, er borgin ætti og kynni að eignast eftir Kjarval, og hins vegar aðstaða til sýninga, sem leysti af hólmi Listamannaskálan.

Borgarstjóri tók þessari hugmynd mjög vel og kynnti hana í borgarráði, sem féllst á, að borgin hefði forgöngu í þessu máli; skyldi gert ráð fyrir tveim stórum sýningarsölum, en í tengibyggingu yrði veitingaaðstaða. Hannesi Kr. Davíðssyni arkitekt, sem Félag ísl. myndlistarmanna hafði beðið að gera uppdrætti að sýningarskála, var falið að gera uppdrætti að húsinu í samræmi við þessi sjónarmið. Frumuppdrættir voru samþykktir á fundi Borgarráðs Reykjavíkur 14. október 1965. Sama dag féllst Byggingarnefnd Reykjavíkur á þessa tillöguuppdrætti í meginatriðum.

Daginn eftir, sjálfan afmælisdaginn, var opnuð sýning á verkum Kjarvals í Listamannaskálanum, og þar tilkynnti Geir Hallgrímsson borgarstjóri þessa ályktun borgarráðs. Ræða hans birtist á öðrum stað í þessu riti.

Ágóði, sem varð af þessari sýningu, hefur runnið til hússins og einnig af sýningu á verkum Kjarvals 1968.

Eins og fram kemur á öðrum stað í þessu riti tók Jóhannes S. Kjarval fyrstu skóflustungu að húsinu á 180 ára afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst 1966, en garðyrkjudeild borgarinnar sá um



grunngröft og ýmsar aðrar undirbúningsframkvæmdir.

Hinn 5. apríl 1968 var undirritaður samningur um byggingu hússins við Dagfara sf. að undangengnu útboði á vegum Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar og í framhaldi af endurskoðun uppdráttu. Framkvæmdir á vegum félagsins hófust eftir miðjan apríl 1968, en lokið var að steypa húsið og reisa þakgrind 27. september 1969. Síðan hefur verið unnið að því að fullgera húsið.

Á byggingartímanum hefur húsið verið lánað til listsýninga bæði á Listahátíð 1970 og 1972, svo og nokkrum sinnum til samkomuhalds.

Stærð hússins er sem hér segir:

Flatarmál á jarðhæð . . . . .	2.100 m <sup>2</sup>
Rúmmál . . . . .	13.328 m <sup>3</sup>
Flatarmál húsagarða . . . . .	672 m <sup>2</sup>

Gerð hússins er í aðalatriðum á þessa leið: Salarveggir eru úr járnbentri steinsteypu. Innra byrði er hörstrigi, óbleiktur. Veggir í álmu að Flókagötu eru úr timbri, klæddir að utan veðurþolnu stáli. Þök, sem öll eru borin af steinsteyptum súlum, eru úr stálbitum og plötum. Einangrun er frauðgler. Regnvörn er asfaltpappi. Gólf aðalsala eru lögð eikarstöfum. Gólf hlíðarsala og húsagarðar eru lögð grásteinsflögum.

Í húsinu eru tæki til rakajöfnunar auk upphitunar.

Lýsing er öll með glóperum. Í aðalsölum joðkvarts-kastarar. Í loftum er komið fyrir skermum til stjórnnar rafbirtu og

dagsbirtu, svo og til stjórnnar hljóðburði. Arkitekt og aðalumsjónarmaður:

Hannes Kr. Davíðsson.

Burðarþolsverkfræðingar:

Bragi Þorsteinsson og Eyvindur Valdimarsson.

Verkfræðingur hita-, hreinlætis- og loftræstilagnar:

Kristján Flygenring.

Verkfræðingur raflagna:

Sigurður Halldórsson.

Aðalverktaki:

Dagfari sf. Umboðsmaður gagnvart húsbýggjanda: Þór Kristinsson.

Múrarmeistarar:

Sigfús Jónsson.

Trésmíðameistarar:

Sigurgeir Gíslason.

Undirverktakar:

Vatns- og hreinlætislagirnir:

Ásmundur Guðbjörnsson pípuþagn.meist.

Lofthitunarlagirnir:

Nýja blikksmiðjan hf.

Raflagnir:

Páll Guðbjörnsson, lögg. rafverktaki.

Málarmeistarar:

Hólmsteinn Hallgrímsson og Sigurður Björnsson.

Dúklagningar:

Garðar Jensson og Þorsteinn Friðriksson veggf. og dúklagningarmeistarar.

Áhaldahús Reykjavíkurborgar hefur innt af höndum margs konar innanhússmíði, uppsetningu loftskerma o. fl.

Byggingardeild borgarverkfræðings hefur haft umsjón með framkvæmdum, og hefur

Bergsteinn Sigurðsson annazt daglegt eftirlit.

Forstöðumaður byggingardeildar hefur verið Þórður Þ. Þorbjarnarson verkfræðingur.

Upphaflega var ráðgert, að fleiri aðilar stæðu að byggingu hússins, en mál þróuðust þannig, að borgin hefur staðið ein að byggingunni, en til hennar hafa runnið framlög listamanna, þ. e. fjárframlög Félags ísl. myndlistarmanna og ágóði af sýningum þeim, sem áður getur.


Hinn 16. marz 1971 setti borgarráð í samráði við stjórn Bandalags ísl. listamanna reglur um rekstur hússins, og segir svo í 2. gr. þeirra:

„Markmið borgarinnar með byggingu og rekstri hússins er, að þar verði sköpuð aðstaða til að kynna almenningi, eftir því sem aðstæður leyfa og henta þykir, myndverk, sem eru í eigu borgarinnar, og ekki eru þegar aðgengileg úti við eða í stofnunum borgarinnar, sérstaklega þó verk eftir Jóhannes S. Kjarval.

Það er og markmið borgarinnar, að í húsi þessu verði aðstaða til listsýninga innlendra og erlendra manna og samtaka og hvers konar kynningar á lista- og menningarstarfsemi, sem eðlilegt þykir, að þar fari fram.

Þá er ætlunin, að í húsinu verði bæktistöð fyrir starfsemi, sem tengd er skrudgarðinum á Miklatúni og veitingastarfsemi í tengslum við önnur afnot hússins.“

Rekstur hússins er í höndum sérstakrar hússtjórnar, skv. 3. gr. áðurgreindra reglna, en sýningarsalur í vesturhluta hússins er þó



undir stjórn sérstaks sýningarráðs, sem skipað er fulltrúum í hússtjórn og fjórum fulltrúum, er Bandalag ísl. listamanna skipar. Ef ágreiningur verður um ráðstöfun þessa salar, getur borgarráð skipað tvo fulltrúa til viðbótar í sýningarráðið til að fjalla um hann, og ræður þá einfaldur meirihluti.

Fulltrúar Bandalags ísl. listamanna í sýningarráði skulu vera hússtjórn til ráðuneytis og samstarfs um rekstur að því er tekur til listrænna þátta, eftir því sem

hússtjórn kann að óska. Samið hefur verið að undangengnu útboði við Miklagarð hf. um veitingarekstur í húsinu til 1. maí 1974. Gjaldskrá um leigu hússins var samþykkt af borgarráði 2. janúar 1973.

Hússtjórn er þannig skipuð:

Páll Líndal borgarlögmaður formaður,  
Jón Arnþórsson sölustjóri,  
Ólafur B. Thors borgarráðsmaður.

Fulltrúar Bandalags ísl. listamanna í sýningarráði eru við opnun hússins:

Vilhjálmur Bergsson,  
Einar Hákonarson,  
Kjartan Guðjónsson,  
Valtýr Pétursson.

Varamenn:

Sigurjón Ólafsson,  
Hjörleifur Sigurðsson,  
Jens Kristleifsson,  
Kristján Davíðsson.

Forstöðumaður hússins er Alfreð Guðmundsson.

## REYKJAVIK MUNICIPAL ART GALLERY

Discussions began a long time ago about the building of a permanent Art Gallery and exhibition hall for the City of Reykjavík. The City Council of the day considered the possibility of a special collection in the proposed Town Hall. But these ideas were not at all definite, and indeed, at that time there was no very large City Collection to consider.

The building on Kirkjustræti (Listamannaskáli) had played an important part in City life since 1943, but it was clear that the permanent home of art in Reykjavík could not be there. Various groups of artists had tried to find a site for a permanent exhibition hall, and Miklatún was one of the places considered.

In 1963 the Executive Committee of the City Council agreed to a proposal to include a gallery in plans for the development of Miklatún, along with a small restaurant. In 1965, Jóhannes. S. Kjarval was 80, and the City Council agreed that it was fitting that this nationally known master, who had so made his mark on Reykjavík for decades, should be recognised by the City's taking the lead in building a special gallery for the exhibition of his work. Allowance was made for two large halls, with a restaurant in an adjoining building. Hannes Kr. Davíðsson was commissioned to draw up

plans, and these were accepted in principle on 14th Oct. 1965.

On the following day, the birthday itself, an exhibition of works by Kjarval was opened in the Listamannaskáli, and Geir Hallgrímsson, the mayor, announced the Committee's decision. (Extracts from his speech are given elsewhere in this work). Kjarval himself began the work on the 180th anniversary of the City of Reykjavík, 18th August 1966. The construction proper began 14th April 1968, and was completed 27th Sept. 1969. Since then, work has been going on to complete the furnishings. In the meantime, the building has been used for Art exhibitions both in the Arts Festivals of 1970 and 1972, and for a few other occasions.

It was originally planned that several parties should be responsible for the building, but as things turned out, the City alone has paid all the cost, apart from contributions from the Artists' Union, and the profits from the exhibitions mentioned above.

Rules for the running of the gallery were laid down in March 1971. The gallery is to be a centre for all kinds of artistic exhibitions, as well as housing the City art collection, in particular the works of Jóhannes Kjarval. The operation is in the hands of a special committee, which includes representatives of the Artists' Union. The chairman of the committee is Páll Líndal, and the Director of the

Gallery is Alfreð Guðmundsson.

The specifications of the building are as follows:

Area on ground floor . . . . .	2.100 m <sup>2</sup>
Capacity . . . . .	1.3228 m <sup>3</sup>
Area of gardens . . . . .	672 m <sup>2</sup>

Construction is mainly of reinforced concrete, with a steel roof. Insulation is by fibre-glass. There is equipment for controlling humidity as well as temperature. Both lighting and acoustics can be controlled by shades on the ceiling. Quartz spotlights are used in the main hall. The architect was Hannes Kr. Davíðsson, and the main contractor was Dagfari sf.



# Á ÁTTRÆÐISAFMÆLI KJARVALS

*Ræða flutt 14. október 1965.*

Á aðfangadegi áttatræðisafmælis Jóhannesar Kjarvals listmálara flytjum við honum hugheilar hamingjuóskir og tjáum honum með lotningu þakkir okkar fyrir list hans og líf.

Það er í samræmi við list- og lífsferil Jóhannesar Kjarvals og stórlátan hug hans að leyfa nokkrum vinum að efna til sýningar á verkum hans, svo að virkja megi vinarhug og gjafmildi aðdáendanna í því skyni, að ráðizt verði í stórátak fyrir íslenzka myndlist að reisa henni nýtt sýningarhús.

Nauðsyn þeirrar framkvæmdar er okkur öllum ljós, er stöndum hér í þessum skála, sem að vísu hefur gegnt mikilvægu hlutverki, en er nú að hruni kominn. Fegin vildum við í dag eiga veglegri stað en þennan til að koma saman við nokkurt safn málverka Kjarvals og hylla höfuðsnilling, hugljúfan vin og stórbrotinn persónuleika.

Á þessum tímamótum strengjum við þess heit, Jóhannesi Kjarval til heiðurs, að bæta aðstöðu íslenzkrar myndlistar, sem hann hefur hafið upp í æðra veldi, og við fylgjum fordæmi hans að blása nýju lífi og anda í íslenzka listsköpun með stuðningi við byggingu sýningarhúss myndlistarmanna á Miklatúni í Reykjavík.

Í samræmi við fyrri ákvarðanir borgarstjórnar hefur borgarráð samþykkt samhljóða á fundi sínum í dag ályktun, sem færð var til bókar á þessa leið:

„Lagðir fram tillöguuppdrættir Hannesar Davíðssonar arkitekts að myndlistarhúsi

á Miklatúni, en um er að ræða tvær aðalbyggingar ásamt tengibyggingu til sameiginlegrar þjónustu fyrir starfsemi þar og almenningsgarðinn. Samþ.

Borgarráð samþykkir, að Reykjavíkurborg gangist fyrir byggingu sýningarhúss myndlistarmanna, skv. nánara samkomulagi við myndlistarmenn (vestari byggingin ásamt tengibyggingu) og standi fyrir byggingu sýningarhúss, sem sérstaklega verði ætlað til sýninga á verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara (eystri byggingin), og verði byggingarnar tengdar nafni hans.“  
Stuðningur hvers okkar um sig og ályktun borgarráðs um byggingu sýningarhúsa myndlistar er á þessum tímamótum gerð Jóhannesi Kjarval til heiðurs, en í fullri hreinskilni sagt, gerð jafnframt af eigingjörnum ástæðum, í eigin þágu, til þess að við og eftirkomendur okkar megum njóta listar hans og þeirra ávaxta, sem af henni spretta.

Samkvæmt þessari ályktun er það ætlunin, að þau málverk eftir Kjarval, sem Reykjavíkurborg á þegar og borginni áskotnast síðar, verði stöðugt til sýnis til að gefa borgarbúum, landsmönnum öllum og gestum kost á að kynnst list Kjarvals. Og það er von okkar og trú, að slík Kjarvalssýning í tengslum við sýningar upprennandi og mótaðra listamanna samtíðarinnar megi verða íslenzkum listum skjól og stuðningur til vaxtar og þroska. Þeir Kjarvalsstaðir, sem hér munu rísa á Miklatúni, andspænis minnismarki Einars Benediktssonar, munu verða prýði

22 höfuðborgar og lands, – í senn mönnum aðdráttarafl til að njóta listar og aflvaki til að skapa list.

Einar Benediktsson kvað:

Að þræða sinn einstig á alfaraþraut  
að eilífu er listanna göfuga þraut,  
að aka seglum á eigin sjó,  
einn, meðal þúsunda fylgdar.

Jóhannesi Kjarval hefur tekizt þetta. Það hefur vafalaust kostað hann þjáningar og fórnir, en vonandi einnig veitt gleði og fullnægingu. Og nú er list meistarans hverjum Íslendingi nátengd og eilíf uppspretta fegurðar og lífstrúar, og maðurinn sjálfur okkur öllum ógleymanlegur.

Við þökkum Jóhannesi Kjarval listaverkin, en fyrst og fremst viljum við á þessari stundu sameinast í óskum þúsundanna, að maðurinn Jóhannes Kjarval og allt, sem honum er kært, megi njóta heilsu og hamingju, gæfu og guðs blessunar. Með þessum orðum lýsi ég því yfir, að þessi sýning Kjarvalsmálverka er hafin.

*Geir Hallgrímsson*

*Summary of speech by Geir Hallgrímsson  
on the 80th birthday of Jóhannes S.  
Kjarval, 14. Oct. 1965.*

On the eve of his 80th birthday, we offer Jóhannes Kjarval our sincere congratulations and thanks for his life and work.

In view of Kjarval's career, and his generosity in allowing some of his friends to hold this exhibition, for the benefit of Icelandic art, it is fitting that we should build a new gallery for it. The need for such gallery is clear to all of us who stand here in this hall, which has certainly played an important role in the past, but which is now falling down. Today we would gladly have a more noble place than this to pay homage to the Master, a dear friend and a great personality. The Executive Committee has, therefore, in accordance with the earlier decision of the City Council, unanimously accepted a plan for an Art Gallery at Miklatún, consisting of two main buildings, one of which is intended specifically for the exhibition of works by Jóhannes S. Kjarval, and the whole to be linked with his name.

We do this in the first place in honour of Jóhannes Kjarval, having solemnly undertaken, on this memorable occasion, to follow his example and put new life into the Arts in Iceland, but to be quite frank, we do it also for our own benefit, so that we and our descendants may enjoy his works, and the fruits which they may bear.

It is our intention that all the works by Kjarval which the City of Reykjavík owns or may acquire later, shall be permanently on show, to give everyone, including foreign visitors, the opportunity to become acquainted with Kjarval's art, and we hope and believe that such Kjarval exhibitions, in conjunction with exhibitions by upcoming and established contemporary artists, will help the Arts in Iceland to grow and prosper. The Kjarval Galleries will be an ornament to the City and the country.

In the words of Einar Benediktsson, whose memorial stands opposite, Jóhannes Kjarval has 'sailed his own sea'. Doing so has without doubt brought him suffering and sacrifices, but we hope also joy and satisfaction. We thank him, but above all we would like at this moment to join in the wishes of thousands, that he and all who are dear to him, may enjoy health and happiness, good fortune and God's blessing.

I hereby declare this exhibition of Kjarval's paintings open.



## 24 ÁGRIP AF KJARVALSANNÁL

**1885** Fæddur Jóhannes Sveinsson að Efriey í Meðallandi. Foreldrar: Karítas Þorsteinsdóttir Sverrisen og Sveinn Ingimundarson bóndi að Efriey. Í ministerialbók Meðallandsþinga er Jóhannes sagður fæddur 15. október 1885. (Í manntali Desjamýrarsóknar frá 1891 er hann hins vegar talinn fæddur 1882, og í fermingarskýrslu sömu sóknar er fæðingardagur hans talinn 5. marz 1883). Jóhannes sjálfur taldi sig fæddan 15. október 1885.

**1890** Jóhannes Sveinsson er tekinn í fóstur af frænda sínum Jóhannesi Jónssyni og konu hans Guðbjörgu Gissurardóttur, er bjuggu að Geitvík í Borgarfirði eystra. Ólst Jóhannes upp hjá þeim fram yfir fermingu.

**1900** Jóhannes Sveinsson fermist, og fósturforeldrar hans flytja að Njarðvík við Borgarfjörð eystra sama ár. Jóhannes fer í vinnu utan heimilisins að lokinni fermingu. Fyrst er hann sumarvertíð á skútu, og annað sumar vinnur hann við hvalveiðistöð Ellefsens á Mjóafirði.

**1901** Um þetta leyti liggur leið Jóhannesar Sveinssonar suður til Reykjavíkur. Næstu ár er hann á skútum og stundar auk þess önnur störf, er til falla. Þá notar hann hverja stund aflögu til að æfa sig í myndlist, og þannig verða til myndir Jóhannesar Sveinssonar frá skútuárunum. Á þessum árum nýtur Jóhannes tilsagnar Stefáns Eiríkssonar myndskera og fær auk þess tilsögn í málalíst hjá Ásgrími Jónssyni og Þórnari B. Þorlákssyni listmálurum. Á næstum árum situr Jóhannes Sveinsson tvo vetur í Flensborgarskóla í Hafnarfirði.

**1906** Um haustið var Ungmennafélag Reykjavíkur stofnað. Mikill áhugi vaknaði meðal nokkurra félagsmanna á verkum Jóhannesar Sveinssonar, og fengu þeir hjá honum málverk. Stofnað var til happdrættis til ágóða fyrir utanfararsjóð handa hinum unga listamanni. Árangur varð um 800 krónur. Fjörtán

ungmennafélagar ganga síðan í ábyrgð fyrir bankaláni fyrir listamanninn, að upphæð 800 krónur.

Jóhannes Sveinsson var einnig örvaður til utanfarar og náms af málsmetandi skáldum þessa tíma, t. d. Einari Benediktssyni, Þorsteini Erlingssyni og Hannesi Hafstein, sem útvegaði honum 1000 krónur úr landssjóði upp á eindæmi til greiðslu á námskostnaði.

**1908** Jóhannes Sveinsson efnir til sinnar fyrstu listsýningar. Sýningin var haldin á efri hæð GT-hússins (Gúttó) í Reykjavík.

**1910** Út kom í Reykjavík bókin „Engilbörnin“ eftir Sigurbjörn Sveinsson, með myndum eftir Jóhannes S. Kjarval.

**1911** Jóhannes Sveinsson heldur sýningu á verkum sínum á Seyðisfirði.

Þetta ár fer Jóhannes Sveinsson með togara beina leið til London, og er það fyrsta utanlandsferð hans. Um þessar mundir tekur hann sér nafnið KJARVAL. (Verður í þessu yfirliti Kjarvalsnafið notað frá þessu ári). Í London skoðar hann listasöfn, og verk Turners verða honum notadrjúg á næstu árum og jafnvel fram á elliár.

Um tíma eru þeir sambýlingar í London, Einar Jónsson myndhöggvari og Jóhannes S. Kjarval.

**1912** Jóhannes S. Kjarval dvelst aðeins vetrarlangt í London. Leið hans liggur svo til Kaupmannahafnar, þar sem hann hefur reglubundið nám við Det tekniske Selskabs Skole. Áður en Kjarval hefur námið, heldur hann sýningu á verkum sínum í sýningarsal Holgers Ferlov við Strikið í Kaupmannahöfn. Í Kaupmannahöfn kynnist Jóhannes S. Kjarval Jóhanni Sigurjónssyni skáldi og dvelst um tíma á heimili hans.

**1913** Jóhannes S. Kjarval gerir leiktjöld við leikritið Fjalla-Eyvind eftir Jóhann Sigurjónsson fyrir Dramaten í Stokkhólmi. Sýning var haldin á verkum Jóhannesar S. Kjarvals



í Iðnskólanum í Reykjavík.

**1914** Um vorið byrjaði Jóhannes S. Kjarval nám við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn. Um sumarið fór Kjarval heim til Íslands og dvaldist lengst af á Seyðisfirði. Hann hélt sýningu í húsinu Vinaminni í Reykjavík, áður en hann sigldi aftur til náms í Kaupmannahöfn um haustið.

**1915** Jóhannes S. Kjarval kvænist Tove Merild, er síðar varð kunnur rithöfundur í Danmörku. Börn þeirra: Ása Kjarval Lökken húsfúru og Sveinn Kjarval húsgagnaarkitekt. Bæði börnin eru búsett í Danmörku, er þetta er ritað.

**1918** Jóhannes S. Kjarval tekur lokapróf frá Konunglegu listaakademíunni í Kaupmannahöfn. Kjarval efnir til einkasýningar á verkum sínum í „Den Frie“ í Kaupmannahöfn og hlýtur ágæta dóma í blöðum. Um 120 myndir voru á þessari sýningu.

Jóhannes S. Kjarval gerir minningardisk í keramik um fullveldi Íslands.

**1919** Jóhannes S. Kjarval kemur heim til Íslands. Hann fær vinnustofu í þakherbergi að Mjóstærati 8 í Reykjavík. 22. maí opnar Kjarval sýningu á verkum sínum í húsi KFUM í Reykjavík. Um 20 listaverk voru á þeirri sýningu. Sýningin gekk treglega, en vinir hans úr Ungmennafélaginu keyptu allt, sem óselt var af verkum hans, er sýningunni lauk. Að hausti þessa árs málar Kjarval í fyrsta sinn á Snæfellsnesi.

Í ágúst mánuði heldur Kjarval aðra sýningu á verkum sínum í húsi KFUM í Reykjavík. 1. ágúst er haldin fyrsta almenna listsýningin á Íslandi, samsýning á vegum Listvinafélagsins, og átti Jóhannes S. Kjarval þar langflestar myndir allra þátttakenda. 1. september heldur Kjarval utan, fyrst til Kaupmannahafnar, síðan í kynnisferðir til Noregs

og Svíþjóðar.

**1920** Snemma vors heldur Jóhannes S. Kjarval suður til Ítalíu, þar sem hann dvelst fyrst í Flórens, en síðan í Róm.

**1921** Listvinafélagið í Reykjavík heldur sýningu, og er Jóhannes S. Kjarval einn þátttakenda. Hann er búsettur í Kaupmannahöfn með fjölskyldu sinni um þessar mundir.

**1922** Jóhannes S. Kjarval fluttist til Íslands með fjölskyldu sína. Hann dvaldist sumarlangt á æskustöðvunum í Borgarfirði eystra, en settist að í Reykjavík um haustið. Skrifaði greinar og dagskipanir í Morgunblaðið. Hélt sýningu á Seyðisfirði. Kjarval hafði vinnustofu í Kennaraskóla Íslands (tvö sumur) og ennfremur í Listvinahúsinu á Skólavörðuhæð. Styrktarfélagið PICTOR var stofnað af nokkrum aðdáendum Jóhannesar S. Kjarvals, og naut hann stuðnings þess næstu þrjú ár.

**1923** Út kom í Reykjavík bókin „Æfintýri“, eftir Sigurjón Jónsson með teikningum eftir Jóhannes S. Kjarval.

**1924** Jóhannes S. Kjarval gerir fresco-myndir í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Iðnsýning var haldin í Miðbæjarskólanum í Reykjavík, og sýndi Kjarval þar nokkur málverk. Jóhannes S. Kjarval heldur sýningu á verkum frá Ítalíuför sinni á efri hæð í húsi Egils Jacobsens við Austurstræti.

**1925** 1. janúar gefur Jóhannes S. Kjarval út Árdegisblað listamanna, öðru nafni ESSENSISM. Aðeins tvö tölublöð komu út, þ. 1. og 13. janúar 1925. Þau hjónin Jóhannes S. Kjarval og Tove Merild slíta samvistum. Frú Tove flyzt til Danmerkur með bæði börnin, Ásu og Svein.

**1926** Á þessu ári teiknaði Jóhannes S. Kjarval a. m. k. fyrstu tuttugu andlitsmyndirnar af þeim fimmtíu, sem síðar hlutu heitið „Hausarnir hans Kjarvals“ og sýndar voru á Listahátíð í Reykjavík 1972 í Kjarvalshúsi á Seltjarnarnesi.

**1927** Í janúarmánuði heldur Jóhannes S. Kjarval sýningu á andlitsteikningum og fleiri listaverkum í Bankastræti 8 í Reykjavík og síðar í Hafnarfirði. Önnur sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals var haldin í Listvinahúsinu í Reykjavík sama ár. 10. desember var opnuð í Charlottenborgarhöll í Kaupmannahöfn íslenzk listsýning. 238 listaverk eftir þálfandi menn voru á þessari stóru sýningu. Kjarval átti þar 49 listaverk, olíumálverk og teikningar. Á þessari sýningu gat einnig að líta kvenbúninga og skartgripa ýmiss konar, tréskurð og gamalt íslenzkt bókband.

**1928** Menntamálaráð Íslands er stofnað. Fyrstu kaup þess á listaverkum voru 50 andlitsteikningar, „Hausarnir hans Kjarvals“, sem nú eru í eigu Listasafns Íslands. Um vorið og sumarið dvaldist Jóhannes S. Kjarval í Frakklandi: í Paris og Fontainebleau.

**1929** Kjarval heldur sýningu á skógarmyndum sínum frá Frakklandi í Skemmuglugga Haralds Árnasonar við Austurstræti. Kjarval fékk inni fyrir vinnustofu í Landspítala-húsinu, en það var þá hálfbyggt. Áhrifa frá kúbismanum fer að gæta í verkum Jóhannesar S. Kjarvals. Á þessu ári fær Kjarval vinnustofu að Austurstræti 12, og heldur hann henni til æviloka.

**1930** Sýning á íslenzkum listaverkum var haldin í Reykjavík í tilefni af Alþingishátíðinni. Sýnd voru 250 listaverk eftir 16 höfunda, þar á meðal Jóhannes S. Kjarval. Þetta ár tekur hann einnig þátt í sýningu óánægðra ungra listamanna í Reykjavík, sem fannst þeir sniðgengnir við áður nefnda sýningu. Út kom í Reykjavík bókin „Grjótt“ eftir Jóhannes

**1931** Jóhannes S. Kjarval heldur einkasýningu á verkum sínum í Charlottenborgarhöll í Kaupmannahöfn.

**1932** 14. september var opnuð sýning á íslenzkri list í Stokkhólmi í sambandi við „íslenzka viku“ á vegum félaganna „Norden“ og „Samfundet Sverige-Island“. Níu listaverk eftir Jóhannes S. Kjarval voru á þeirri sýningu. 1. nóvember var áðurnefnd sýning opnuð í „Kunstforeningen“ í Olsó.

**1934** Jóhannes S. Kjarval heldur sýningu í vinnustofu sinni að Austurstræti 12. Vegna mikilla fjárhagsörðugleika hafði listamaðurinn hvorki ráð á litum né lérefti, en teiknaði í þess stað á veggj vinnustofunnar með teiknibleki á pappír. Þessar myndir voru á fyrrnefndri sýningu og eru enn á veggjum vinnustofunnar, er þetta er ritað.

**1935** Jóhannes Sveinsson Kjarval fimmtugur. Gríðarstór yfirlitssýning var haldin á verkum hans í Menntaskólanum í Reykjavík, og voru þar 410 verk til sýnis. Við opnun þessarar sýningar flutti dr. Guðmundur Finnbogason erindi um listamanninn, og Þorsteinn Gíslason skáld flutti listamanninum frumort kvæði í tilefni dagsins. Þrír góðvinir Kjarvals stóðu fyrir þessari sýningu: Guðbrandur Magnússon forstjóri, Magnús Kjaran stórkaupmaður og Jón Kaldal ljósmyndari. Út komu í Reykjavík „Tíu myndir“, gerðar eftir teikningum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara. „Meira grjót“, bók eftir Jóhannes S. Kjarval, var gefin út í Reykjavík.

**1938** Mál og menning gefur út bókina „Myndir“ eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval með formálsorðum eftir Halldór Kiljan Laxness. Út kom í Reykjavík „Fornmannasaga. Enn grjót“ og ennfremur „Einn þáttur, leikur“ eftir Jóhannes S. Kjarval.

**1941** Myndlistardeild Bandalags íslenzkra listamanna opnaði samsýningu í októbermánuði í Reykjavík. Nítján málara og fjórir myndhöggvarar áttu verk á þeirri sýningu, en þar var Jóhannes S. Kjarval heiðursgestur og sýndi þrjú listaverk.

**1942** Á þessu ári fær Jóhannes S. Kjarval vinnuástoðu í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinsonar við Lindargötu, og vann hann þar síðan að list sinni um 20 ára skeið að sumrinu til. Jóhannes S. Kjarval heldur sýningu á verkum sínum í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinsonar við Lindargötu í ágúst-september. Um 40 listaverk voru á sýningunni. 22. ágúst var opnuð sýning á málverkum í Oddfellowhúsinu í Reykjavík. Þessi sýning var liður í Listamannabingi Bandalags íslenzkra listamanna, og tók Jóhannes S. Kjarval þátt í sýningunni.

**1943** Kristján Friðriksson gefur út bókina „Íslenzk myndlist – 20 listmálara“. Myndir af 7 málverkum Kjarvals ásamt stuttu æviágripi birtust í bókinni. Félag íslenzkra myndlistarmanna efndi til happdrættis fyrir byggingu Listamannaskálans við Kirkjustræti. Vinningar voru listaverk eftir fjölda listamanna, þar á meðal eftir Kjarval. Listamannskálinn við Kirkjustræti vígður 4. apríl með listsýningu, þar sem 20 málara og 4 myndhöggvarar áttu verk. Einn í þeim hópi var Jóhannes S. Kjarval.

**1944** 1. marz var opnuð sýning í Listamannaskólanum við Kirkjustræti á málverkasafni Markúsar Ívarssonar vélsmiðjueiganda í Reykjavík. Á þeirri sýningu gat að líta 13 listaverk eftir Jóhannes S. Kjarval. Í júnímánuði heldur Félag íslenzkra myndlistarmanna sýningu í Listamannaskólanum við Kirkjustræti. Á þeirri sýningu voru þrjú listaverk eftir Kjarval.

**1945** Tillaga „um heimild til ríkisstjórnarinnar um að láta reisa íbúðarhús með sýningarsal handa Jóhannesi Kjarval“ var afgreidd sem ályktun Alþingis 2. marz. Flutningsmenn tillögunnar voru: Bjarni Benediktsson, Jónas Jónsson, Kristinn E. Andrésson og Haraldur Guðmundsson.

Sýning á málverkum, húsateikningum og líkönum er haldin þetta ár í sambandi við Listamannabing í Reykjavík. 17 listamenn sýndu þar verk sín, og átti Kjarval 3 málverk á þeirri sýningu. Í maímánuði opnuðu 27 íslenzkir listamenn sýningu í Listamannaskólanum í Reykjavík í þeim tilgangi að styrkja bágstadda Dani og Norðmenn að heimsstyrjöldinni lokinni. Upplestur og hljómlist var framlag annarra listamanna í sambandi við þessa sýningu, og síðan voru öll verk á sýningunni seld á uppboði. Jóhannes S. Kjarval var einn þessara listamanna. Sýning var haldin á verkum Kjarvals í Listamannaskólanum. 41 listaverk var á þeirri sýningu og aðsókn meiri en þekkt hafði áður að listasýningum í Reykjavík.

**1946** Fyrsta samsýning Nordisk kunstforbund var haldin í Kunsternes Hus í Oslo. Sýningin bar heitið „Fem lands kunst i fem år“ og var opnuð í júnímánuði. Á þessari sýningu átti Kjarval 5 listaverk.

**1947** Jóhannes S. Kjarval fær vinnustofu að Njálsgötu 64, í húsi Kristjáns Jónssonar kaupmanns. Kjarval hélt þessari vinnustofu til ársins 1961. Nordisk kunstforbund efndi til sýningar í Liljevalchs Konsthall í Stokkhólmi, sem nefnd var „Nordisk Konst 1946–1947“. 16 listamenn frá Íslandi, þar á meðal Kjarval, áttu verk á sýningunni. 9. febrúar opnaði Jóhannes S. Kjarval sýningu á verkum sínum í Listamannaskólanum við Kirkjustræti. Á sýningunni voru 36 málverk og 16 teikningar.

**1948** 11. nóvember sýnir Jóhannes S. Kjarval ásamt 26 öðrum listamönnum á sýningu Félags íslenzkra myndlistarmanna í Listamannaskálanum.

**1949** Jóhannes S. Kjarval opnar sýningu á verkum sínum 19. febrúar í Listamannaskálanum við Kirkjustræti og sýnir þar 63 olíumálverk. Nordisk kunstforbund efndi til norrænnar samsýningar í Charlottenborgarhöll í Kaupmannahöfn og í „Den Frie“. Sýningin bar heitið „Den store nordiske kunststilling“. Kjarval sýndi 3 listaverk á þeirri sýningu.

**1950** Í bókaflóknum „Íslenzk list“ kom út hjá forlaginu Helgafelli í Reykjavík „Jóhannes Sveinsson Kjarval, inngangsorð eftir Halldór Kiljan Laxness“. Nordisk kunstforbund hélt sýningu í Atheneum og í Konsthallen í Helsingfors. Sýningin var opnuð 25. marz. Jóhannes S. Kjarval sýndi þar tvö olíumálverk.

**1951** Íslenzk listsýning var haldin í boði Bildende Kunstneres Styre og Kunstneres Hus í Osló. Sýningin var opnuð í febrúarmánuði og var nefnd „Den officielle islandske kunststilling 1951“. Jóhannes S. Kjarval átti 7 teikningar og 7 olíumálverk á þessari sýningu, en alls sýndu þar verk sín 36 listamenn. Sýningin var síðan send til eftirtalinnna staða í Noregi: Stavangurs, Haugasunds, Björgvinjar, Álasunds og Þrándheims. 11. maí var opnuð samsýning nokkurra listamanna í Listvinasalnum í húsi Ásmundar Sveinssonar við Freyjugötu. Jóhannes S. Kjarval var einn þeirra listamanna.

**1952** Nordisk kunstforbund heiðraði þrjú íslenzka málara með sýningu á verkum þeirra í sölum Listaakademíunnar í Stokkhólmi. Sýningin bar heitið „TRE ISLÁNDSKA KONSTNÄRER“, og gat þar að líta 90 málverk eftir þá Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson og Jóhannes S. Kjarval, sem átti þar 19 olíumálverk og 6 teikningar. Í aprilmánuði var haldin íslenzk listsýning í

Bruxelles. Sýning þessi var haldin að tilhlutan Menntamálaráðuneytis Belgiu og Menntamálaráðs Íslands, og var henni valinn staður í Palais des Beaux Arts í Bruxelles. Jóhannes S. Kjarval átti þar flest verk allra listamanna: 7 olíumálverk og 3 teikningar. Sýning var haldin í Listvinasalnum við Freyjugötu undir nafninu „Úr naustum“. Jóhannes S. Kjarval átti þrjú verk á þessari sýningu, þar sem 23 listameann sýndu verk sín.

**1953** Nordisk kunstforbund hélt sýningu, er nefndist „Nordisk kunst 1953“. Sýningin var opnuð 14. marz í Bergens Billedgalleri og Bergens Kunstforening, og sýndi Kjarval þar 3 listaverk. Þessi sýning var síðan haldin í Kunstneres Hus í Osló í maímánuði sama ár. Sigurður Benediktsson byrjar listmunauppbóð sín. Á öðru uppbóði Sigurðar þ. 13. júní í Listamannaskálanum við Kirkjustræti selur hann fyrstu tvö listaverk eftir Kjarval: olíumálverk og tússteikningu á pappír.

**1954** Út komu „Gömul blöð“, Jóh. S. Kjarval, ljósprentaðar teikningar, útgáfa í 750 tölusettum möppum hjá Lithoprenti, Reykjavík. Listsýning var haldin í Listamannaskálanum við Kirkjustræti í tilefni fimmtugsafmælis Ragnars Jónssonar forstjóra. Sýningin var opnuð 7. febrúar, og 16 listamenn sýndu þar verk sín. Kjarval átti 3 listaverk á sýningunni. Íslenzk listsýning var haldin í Ráðhúsi Kaupmannahafnar, og var Jóhannes S. Kjarval meðal þátttakenda. Út komu „Gömul ljóð“ eftir Jóh. S. Kjarval, ljósprentuð hjá Lithoprenti, Reykjavík. 21. október opnaði Kjarval sýningu á verkum sínum í Listamannaskálanum við Kirkjustræti, og voru 74 listaverk á sýningunni. Kjarval fór síðan norður til Akureyrar með þessa sýningu, og var hún haldin þar í verzlunarhúsi Kristjáns Kristjánssonar við Geislagötu. Húnvetningar og Siglfríðingar fóru hópferðir til Akureyrar þeirra erinda að skoða þessa sýningu Kjarvals.

16. desember hélt Sigurður Benediktsson uppbóð á listaverkum eftir Kjarval einan. Titill á skrá var „Sextíu málverk og myndir eftir Jóhannes S. Kjarval“. Á þessu uppbóði keypti Reykjavíkurborg tvö stærstu málverk, sem Kjarval hafði málað: „Kritik“ 217 x 405 cm, olía á léreft og „Sól og sumar“ 265 x 225 cm, olía á léreft.

**1955** Jóhannes Sveinsson Kjarval sjötugur. 14. október var opnuð yfirlitssýning á verkum Kjarvals í Listasafni Íslands. Á þessari yfirlitssýningu voru 200 listaverk frá flestum tímabilum í list Kjarvals. Elzta verkið var frá árinu 1905 og það yngsta frá 1955. Menntamálaráð Íslands stóð fyrir þessari sýningu. Jóhannes S. Kjarval var kjörinn heiðursfélagi Bandalags íslenzkra listamanna og Félags íslenzkra myndlistarmanna ævilangt. Út kom á öllum Norðurlöndunum samtímis „Radioens kunstmappe“. Björn Th. Björnsson skrifaði þar um íslenzka lista, og fylgdu þeim kafla tver litmyndir af málverkum Kjarvals. Jóhannes S. Kjarval átti 4 listaverk á sýningu Félags íslenzkra myndlistarmanna (haustsýningunni), sem haldin var í nóvembermánuði í Listamannaskálanum við Kirkjustræti, en alls áttu 20 málara og 5 myndhöggvarar verk á sýningunni. Nordisk kunstforbund stóð fyrir norrænni samsýningu í Rómaborg. Sýningin bar heitið „Arte Nordica Contemporanea“ og stóð mánuðina apríl-maí. Af íslenzkum þátttakendum á sýningu þessari átti Jóhannes S. Kjarval langflest verk, eða 17 olíumálverk. Akoges-félagsskapurinn í Vestmannaeyjum bauð Félagi íslenzkra myndlistarmanna að halda listsýningu í húsi félagsins í Vestmannaeyjum. Tíu málara og myndhöggvarar áttu verk á þessari sýningu, og var Jóhannes S. Kjarval þeirra á meðal. 28. nóvember var haldinn fundur í listadeild félagsskaparins VOKS í Moskvu, og var Jóhannes S. Kjarval sérstaklega heiðraður á þessum fundi í tilefni sjötugsafmælisins.

**1956** Gefin var út mappa með ljósmyndum af verkum Jóh. S. Kjarvals á yfirlitssýningu



þeirri, er Menntamálaráð Íslands efndi til á sjötugsafmæli hans 1955. Gunnar Rúnar Ólafsson tók myndirnar og gerði möppuna í 17 tölusettum eintökum.

Íslenzk listsýning var haldin í Þýzkalandi á vegum félagsins Germaniu. Sýningin var nefnd „MENSCHEN UND LANDSCHAFT IN ISLAND“ (Fólk og landslag á Íslandi). Kjarval var einn 8 málara, er áttu verk á þessari sýningu, sem fór víða um Þýzkaland og var sýnd þar í að minnsta kosti fjórum borgum. Út kom í Reykjavík „Hvalasagan frá átján hundruð niútiú og sjö“ eftir Jóh. S. Kjarval. „Ljóðagrijót“ eftir Jóhannes S. Kjarval kom einnig út á þessu ári í Reykjavík.

**1957** Nordisk kunstforbund efndi til norrænnar samsýningar í Gautaborg í Göteborgs Kunstmuseum og Göteborgs Konsthall. Jóhannes S. Kjarval átti 5 listaverk á þeirri sýningu. Út kom hjá Almenna bókafélaginu í Reykjavík Sýnisbók Einars Benediktssonar, myndskreytt af Jóhannesi S. Kjarval. Önnur útgáfa af „Hvalasögu frá átján hundruð niútiú og sjö“ eftir Jóhannes S. Kjarval kemur út í Reykjavík.

**1959** 5. apríl afsalar Jóhannes S. Kjarval sér fjárveitingu til Kjarvalshúss og óskar þess, að sama fjárveiting gangi til Byggingarsjóðs Listasafns Íslands, samkvæmt eftirfarandi bréfi:

5. apríl 1959

Listasafn íslenska ríkisins

Þeir peningar eða fjárupphæð, sem íslenska ríkið hefur ánaðnað í Kjarvalshúsi, finnst mér æskilegast, að gangi sem stofnfé í byggingarsjóð málverkasafns íslenska ríkisins.

Virðing og umhyggja  
Jóhannes S. Kjarval

Til menntamálaráðherra.

Nordisk kunstforbund stóð fyrir norrænni sýningu í Fyns Stiftsmuseum og Odense Ráðhus í Odense. Heiti sýningarinnar var „Nordisk kunst gennem 10 år“, og var hún opnuð í júnimánuði. Jóhannes S. Kjarval var meðal þátttakenda og

sýndi 5 listaverk.

Út kom í Reykjavík ritið „Bergmál til Eggerts Stefánssonar á sumardaginn fyrsta 1959“ eftir Jóhannes S. Kjarval.

Á fundi þann 6. ágúst samþykkti Menntamálaráð Íslands einróma að láta gera skrá yfir öll málverk Jóhannesar S. Kjarvals (stærð, gerð, heiti, ár, eigendur o. fl.) og einnig að láta gera ljósmyndaplötur í litum (slides) af öllum meiri háttar verkum listamannsins. Ljósmyndasafn þetta skyldi eign Listasafns Íslands, en kostnað af þessu verki skyldi Menntamálaráð Íslands bera.

10. október var opnuð Haustsýning Félags íslenzkra myndlistarmanna í Listamanskálanum við Kirkjustræti. Jóhannes S. Kjarval átti tvö málverk á þeirri sýningu, sem 27 listamenn alls tóku þátt í.

Í aprílmánuði var opnuð íslenzk myndlistarsýning í Púskín-safninu í Moskvu. Menntamálaráð Íslands stóð að þeirri sýningu ásamt Menntamálaráðuneyti Sovétríkjanna. 18 listamenn áttu verk á þessari sýningu, og þar af voru 8 olíumálverk eftir Kjarval. Sýning þessi var síðan send til Póllands, þar sem hún var sýnd í nokkrum borgum. Áður en sýning sú, sem að ofan getur, var send til Moskvu, var hún opin þrjá daga í Listasafni Íslands. Var það gert vegna deilna, er risið höfðu út af vali verka á sýninguna.

**1960** Ísland tók þátt í „BIENNALE“ í Fenejum á Ítalíu í fyrsta sinn. 10 málverk eftir Jóhannes S. Kjarval og 3 járnmyndir eftir Ásmund Sveinsson voru framlag Íslands til þessarar sýningar. 29. marz var opnuð sýning á eftirprentunum af íslenzkum listaverkum í Ísrael. Jóhannes S. Kjarval átti eftirprentanir af verkum sínum á þeirri sýningu. 2. júní var opnuð sýning á verkum Kjarvals í Kunstnernes Hus í Ósló í boði hússins. Tæplega 60 verk voru á þeirri sýningu, og voru viðstaddir opnunina listamaðurinn sjálfur ásamt Ragnari Jónssyni forstjóra, sem haði aðstoðað hann við undirbúning sýningarinnar. Sýning á eftirprentunum Helgafells af íslenzkum listaverkum var haldin í Aþenu. Menntamálaráðu-

neytið í Grikklandi stóð að sýningunni, sem opnuð var 8. apríl í einni helztu menningarmiðstöð Aþenuborgar. Jóhannes S. Kjarval átti eftirprentanir af verkum á þessari sýningu. Samsýning var haldin á vegum Félags íslenzkra myndlistarmanna í Listamanskálanum við Kirkjustræti. Sýning þessi var opnuð í ágústmánuði, og átti Jóhannes S. Kjarval þar nokkur verk. 19. desember var opnuð sýning á 30 eftirprentunum Helgafells á íslenzkri myndlist í Delhí á Indlandi. Eftirprentanir af verkum Jóhannesar S. Kjarvals voru nokkrar á þeirri sýningu.

**1961** Í febrúar opnaði Kjarval sýningu á verkum sínum í Listamanskálanum við Kirkjustræti. Alls voru 44 listaverk á þeirri sýningu. „Myndgleði njóttu“, hugleiðingar á sýningu Kjarvals 75 ára (sérprentun úr Timanum), greinar eftir Guðbrand Magnússon forstjóra gefnar út í Reykjavík af Gestí Arnasyni. Út komu í Reykjavík „Alfredsljóð“ undir höfundarnafninu GIOVANNI EVREY, sem Kjarval notaði stöku sinnum bæði á málverkum sínum og í sambandi við ritað mál. Museum of Modern Art í New York City, N. Y. eignast málverk eftir Jóhannes S. Kjarval. Með gjafabréfi, dagsettu 17. júní 1961, ánaðnar Ragnar Jónsson forstjóri Alþýðusambandi Íslands mikla listaverkagjöf eða 120 listaverk. Í þessu safni voru 8 listaverk eftir Kjarval.

Sýning var haldin í Listamanskálanum við Kirkjustræti á gjöfinni, er hún var afhent, og voru áður nefnd listaverk Kjarvals á þeirri sýningu. Út kom í Reykjavík ritið „Lóan“ eftir Jóhannes S. Kjarval, útgefið af Haflíða Helgasyni í Reykjavík. Jóhannes S. Kjarval fær vinnustofu í húsi Blikksmiðu Breiðfjörðs við Sigtún í Reykjavík, og heldur hann henni svo lengi sem vinnuþrekið endist.

Reykjavíkursýning var haldin í tilefni 175 ára afmælis Reykjavíkur. Í Melaskólanum var listsýning, þar sem Kjarval átti 3 verk, en alls tóku 48 listamenn þátt í þessari sýningu.

30 1962 Loftleidir sýndu þrjú listaverk eftir Jóhannes S. Kjarval á skrifstofu sinni í Rockefeller Center í New York City, N. Y.

Myndlistarfélagið opnaði vorsýningu sína 3. maí í Listamannaskálanum við Kirkjustræti. Jóhannes S. Kjarval sýndi þar 3 listaverk.

Íslenzk listsýning var opnuð í Louisiana safninu í Humlebæk á Sjálandi, og átti Jóhannes S. Kjarval þar mörg listaverk.

19. júní var opnuð sýning á íslenzkum málverkum í Kiel í Vestur-Þýskalandi. 17 listamenn áttu þar verk, og var Jóhannes S. Kjarval einn í þeim hópi.

Í september tekur Jóhannes S. Kjarval þátt í haustsýningu Félags íslenzkrá myndlistarmanna í Listamannaskálanum við Kirkjustræti.

Á þessu ári komu út í Reykjavík „Þrjú lítill ljóð“ eftir Jóhannes S. Kjarval, útgefandi Hafliði Helgason.

1963 Í febrúarmánuði var opnuð sýning í Moskvu á verkum þeirra Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Jóhannesar S. Kjarvals. Á sýningu þessari, sem haldin var í boði menntamálaráðuneytis Sovétríkjanna, voru 15 verk eftir hvern ofantalinna listamanna.

Reykjavíkurborg sendi 27 eftirprentanir af málverkum þeirra Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Jóhannesar S. Kjarvals sem gjöf til sjómanna bústaða í Hull. Sýning var haldin á þessum eftirprentunum í Ráðhúsinu í Hull í febrúarmánuði.

Myndlistarfélagið hélt sýningu í Listamannaskálanum við Kirkjustræti í júnímánuði, og átti Jóhannes S. Kjarval þar eitt listaverk.

28. nóvember hélt Sigurður Benediktsson uppboð á myndum eftir Kjarval í Súlnasal Hótel Sögu.

Uppboðið nefndist „Annálsbrot í myndum eftir Jóhannes S. Kjarval“. 35 listaverk voru boðin upp þarna. Á þessu uppboði gefur Jóhannes S. Kjarval Listasafni Reykjavíkur málverkið „PANTHEON“.

Út kom í Reykjavík „Skarphéðinskvæði“ eftir Jóhannes S. Kjarval, útgefandi Hafliði Helgason.

1964 Út kom hjá forlaginu Helgafelli í Reykjavík bókin KJARVAL eftir Thor Vilhjálmsson.

Í sambandi við Listahátíð Bandalags íslenzkrá listamanna hélt Félag íslenzkrá myndlistarmanna sýningu í húsnæði Listasafns Íslands í júnímánuði. Jóhannes S. Kjarval sýndi þar 10 listaverk.

Myndlistarfélagið hélt sýningu í Listamannaskálanum við Kirkjustræti í maímánuði, og átti Kjarval þar eina mynd.

Forlagið Helgafell í Reykjavík gaf út bókina „Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld, drög að sögulegu yfirliti“, 1. bindi, eftir Björn Th. Björnsson. Þar er að finna langan kafla um ævi og list Jóhannesar S. Kjarvals.

Jóhannes S. Kjarval var boðið að sýna sem heiðursgestur á Höstudstillingen í Charlottenborgarhöll í Kaupmannahöfn. 42 málverk eftir Kjarval voru sýnd á þessari sýningu, og sá dr. Selma Jónsdóttir um fyrirkomulag og undirbúning. Kjarval sjálfur var viðstaddur opnun sýningarinnar, sem fram fór 26. september.

Forlagið Helgafell í Reykjavík gaf út „Listamannaljóð“. Magnús Á. Arnason safnaði ljóðunum saman. Tvö ljóð eru í bókinni eftir Jóhannes S. Kjarval.

1965 Jóhannes Sveinsson Kjarval átræður.

Út kom í Reykjavík bókin „Steinar og sterkir litir“, útgefandi Skálholt hf. Sigurður Benediktsson skrifaði þar kaflann um Kjarval. Jóhannesi S. Kjarval var boðin þátttaka í „Vestlandsudstillingen“ í Noregi.

23. marz var opnuð sýning á málverkum frá Norðurlöndum í Gallery of Modern Art í New York City. Fjórir listamenn frá Íslandi, þeirra á meðal Jóhannes S. Kjarval, áttu verk á sýningunni. Í ágústmánuði var opnuð íslenzk málverkasýning í listasafni Colby-háskólans í Maine í Bandaríkjunum. 15 listamenn áttu verk á þeirri sýningu, og var Jóhannes S. Kjarval einn þátttakandi. Sýning þessi fór síðan víðar um Bandaríkin.

Nokkrir vinir Jóhannesar S. Kjarvals efndu til sýningar á verkum hans í Listamannaskálanum við Kirkjustræti. Sýning þessi var haldin í þeim

tilgangi að afla fjár til að reisa myndlistarhús á Miklatúni. Happpdrætti var um eitt af listaverkum Kjarvals á sýningu þessari, og gekk það mjög vel. Alls var þarna til sýnis 31 listaverk.

Við opnun þessarar sýningar sagði þáverandi borgarstjóri Geir Hallgrímsson frá samþykkt borgarráðs Reykjavíkur um, að borgin mundi gangast fyrir byggingu myndlistarhúss á Miklatúni í tilefni af áttarðisafmæli Jóhannesar S. Kjarvals. Sigurður Benediktsson hélt uppboð 7. september. Þar voru eingöngu á boðstólum verk eftir Jóhannes S. Kjarval. 73 listaverk voru seld á þessu uppboði.

Í októbermánuði var opnuð íslenzk málverkasýning í The Peoples Art Theatre í Newcastle on Tyne. 25 málverk eftir 5 listamenn voru á þessari sýningu, þar á meðal verk eftir Kjarval. Sýning þessi var haldin á vegum Félags íslenzkrá myndlistarmanna og fór til fjögurra annarra borga í Bretlandi, m. a. var hún haldin í London eftir áramótin.

15. október varð Jóhannes S. Kjarval átræður. Í því tilefni hafði þáverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, boð inni fyrir listamanninn og gesti. Menntamálaráðherra lét þess getið í ræðu þennan dag, að ákveðið væri að reisa listmálarahús á Lambastaðatúni og að Jóhannesi S. Kjarval væri ætlað að búa þar fyrstum manna í heiðurskyni. Hefði Kjarval þegið það boð. 17. desember var opnuð sýning á 45 myndum eftir Jóhannes S. Kjarval í Casa Nova í Reykjavík. Listafélag Menntaskólans í Reykjavík stóð fyrir þessari sýningu, en þar voru einungis sýndar sjávarmyndir. Ennfremur héldu menntaskólanemar „Kjarvalskvöld“, þar sem lesið var úr skrifuðum verkum Kjarvals og sýndur var leikþátturinn „Einn þáttur í tveim þáttum“ eftir listamanninn. Á þessari samkomu mælti Kjarval sjálfur að lokum nokkur orð.

1966 10. marz var Jóhannes S. Kjarval sæmdur Stórkrossi hinnar íslenzku fálkaorðu. Samkvæmt ósk listamannsins var heiðursmerkið falið Listasafni Íslands til varðveislu. Sigurður Benediktsson slær Listasafni Íslands

málverkið „Svanasöngur“ fyrir 75 þúsund krónur á uppboði í marzmánuði. Kjarval ákveður síðan að færa Listasafni Íslands þetta listaverk að gjöf. Ut kom í Reykjavík „Norsk sýning í Höfn“, sérprentun úr Ísafold 8. apríl 1916, eftir Jóhannes S. Kjarval.

Nordisk kunstforbund stóð fyrir norrænni sýningu í Kunstverein í Hannover í Vestur-Þýzkalandi. Sýningin hlaut heitið „NORDISCHE KUNST HEUTE“, og var hún opnuð í júnímánuði. Kjarval átti fjögur verk á sýningunni.

Ut kom önnur útgáfa af „Þremur lítlum ljóðum“ eftir Jóhannes S. Kjarval, útgefandi Hafliði Helgason, Reykjavík.

Listasafn Íslands efndi til sýningar á þeim verkum Jóhannesar S. Kjarvals, sem í eigu þess voru. Sýningin var opnuð 10. marz, og voru þar 33 listaverk til sýnis.

18. ágúst á 180 ára afmæli Reykjavíkur tekur Jóhannes S. Kjarval fyrstu skóflustunguna að myndlistarhúsi á Miklatúni. Kjarval sagði nokkur orð í tilefni þessa atburðar og fór með hendingar úr gömlu sálmaversi, þar sem meðal annars segir:

„Láttu standa í lífsbók þinni  
líka þeirra nöfn sem mitt“.

Ut kom í Reykjavík ritið „Eimskip fjörutíu ára“ eftir Jóhannes S. Kjarval.

1967 Félag íslenzkra myndlistarmanna gekkst fyrir samsýningu í Edinborg. Sýningin var opnuð 21. ágúst í gamalli kirkju, sem breytt hafði verið í sýningarsal og fundarstað. Festival Fringe Club í Edinborg bauð til þessarar sýningar, sem 17 listamenn tóku þátt í, þar á meðal Jóhannes S. Kjarval.

7. september var opnuð íslenzk listsýning í Lübeck í Þýzkalandi. Myndlistarfélagið stóð að þessari sýningu. Sýnd voru verk eftir tíu listamenn, þeirra á meðal Jóhannes S. Kjarval. Sýning þessi fór síðan til Vestur-Berlinar.

1968 Kjarvalskver eftir Matthias Johannessen kom út hjá forlaginu Helgafelli í Reykjavík. Jóhannes S. Kjarval gaf Reykjavíkurborg safn

mynda eftir sig.

Vorsýning Myndlistarfélagsins var haldin í Casa Nova í júnímánuði, og átti Kjarval þar eitt listaverk.

1970 Listahátíð haldin í Reykjavík. Í því tilefni var opnuð sýning í Listasafni Íslands, er bar nafnið „Tíu málarar á 20. öld“. Jóhannes S. Kjarval var í hópi þessara 10 málara.

1971 Íslenzk listsýning var opnuð á Charlottenborgarhöll í Kaupmannahöfn. Sýning þessi bar nafnið „Íslensk figurativ kunst“. Jóhannes S. Kjarval sýndi þar 20 listaverk.

1972 Haldin var listahátíð í Reykjavík. Í því tilefni efndi Listasafn Íslands til sýningar á 50 andlitsmyndum (Hausunum hans Kjarvals) eftir Jóhannes S. Kjarval í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi.

13. apríl andaðist Jóhannes Sveinsson Kjarval í Borgarsjúkrahúsinu í Reykjavík eftir langa legu. 26. apríl var útför Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík, og voru jarðneskar leifar hans jarðsettar í gamla kirkjugarðinum við Sudurgötu í Reykjavík. Ríkisstjórn Íslands sá um útför listamannsins.





## SOME DATES IN THE LIFE OF

### J. KJARVAL

**1885** Born at the farm Efríey in Medalland, in the south of Iceland, son of Sveinn Ingimundarson and his wife Karitas.

**1900-05** Worked on fishing-boats, and painted in his spare time, with some instruction from the artists Asgrimur Jonsson and Thorarinn B. Thorlaxsson. Attended school for two winters in Hafnarfjörður.

**1908** His first one-man exhibition, in Reykjavík.

**1911** With the aid of money raised by the Reykjavík Youth Club and various loans and grants, he went abroad, first to London, where he studied the work of Turner in particular. He adopted the surname Kjarval.

**1912** To Copenhagen, where he studied, first at the Technical Society School, later at the Royal Academy of Art.

**1913** Responsible for the design and scenery of Johann Sigurjonsson's play, Eyvind of the Fells, at the Dramaten theatre in Stockholm.

**1915** Married Tove Merild, later well known as a Danish writer. Their two children are now living in Denmark.

**1918** Completed his examinations at the Royal Academy and gave a one-man exhibition of about 120 paintings in Copenhagen. For this he received good notices.

**1919-20** Travelled to Iceland, and in Norway Sweden and Italy.

**1922** Moved with his family to Iceland.

**1923** Separated from his wife, who returned with the children to Denmark.

**1926** Drew the first twenty of the fifty so-called "Kjarval's heads" later purchased by the Icelandic Educational Council.

**1928-29** Stayed in France (Paris and Fontainebleau). Returned to Iceland to exhibit his French "forest" pictures. Traces of cubist influence appear in his work.

**1934** During the years of depression, owing to financial difficulties and lack of paints and canvas, the artist drew in ink on paper on the walls of his studio at Austurstraeti 12, where the drawings are still to be seen.

**1935** Large retrospective birthday exhibition of his works at the Reykjavík Grammar School.

**1945** The Icelandic parliament (Althingi) authorized the building of a house and studio for Kjarval, who later suggested that the money allotted for this purpose be donated to the building fund then established for a proposed National Gallery of Art.

**1952** The Nordic Art Association honoured three Icelandic painters with an exhibition of their works in Stockholm. Kjarval was one of these.

**1955** Johannes Kjarval seventy years old. Retrospective exhibition of his work held in Reykjavík under the auspices of the Icelandic Educational Council. Made honorary life member of the Association of Icelandic Artists.

**1960** Iceland participated for the first time in the Biennale in Venice. Kjarval the only painter represented.

**1963** Reproductions of his paintings, with those of Asgrimur Jonsson and Jon Stefansson, presented to the Seamen's Housing Project in Hull.

**1965** Some of Kjarval's friends organised an exhibition of his work in order to raise money towards the building of an art gallery on Miklatun in Reykjavík. At the opening of this exhibition the then Mayor of Reykjavík, Geir Hallgrímsson, announced the decision by the City Council to build an art gallery on Miklatun in honour of the artist's eightieth birthday. On Kjarval's birthday the Minister of Education, Gylfi Þ. Gíslason, made the announcement that an artist's studio was to be built, and Kjarval would be the first to occupy it. This offer was accepted by the artist. He was made a Knight Grand Cross of the Icelandic Order of the Falcon. At his own wish the insignia of the order were kept by the National Gallery of Iceland. In the same year the painting "Swan Song" was knocked down to the National Gallery of Iceland for 75,000 kronur. Later Kjarval decided to present it to the gallery.

**1966** On 18th August he dug the first spadefull for the foundations of the art gallery on Miklatun. In a speech made on the occasion he quoted the lines of an old hymn:  
In Thy book of life let stand  
Their names as well as mine.

**1972** The Arts Festival of Reykjavík of this year included an exhibition of the "Kjarval's heads" at Kjarval's House. On 13th April of this year Johannes Kjarval died at the City Hospital in Reykjavík, after a prolonged illness. He was given a state funeral at the Cathedral and buried in Reykjavík Old Cemetery. During the course of the artist's life, exhibitions of his works were held in many countries, including Denmark, Norway, Sweden, Germany, Belgium, Italy, Britain, the Soviet Union and the United States, where paintings by him are in the possession of the Museum of Modern Art in New York. Kjarval also wrote a number of books, including poems and a play. Several books devoted to the artist and his work have also been published.  
*Valtýr Pétursson*



## EFNI

Í þetta hús á að vera gott að koma . . .	bls.	3	Birgir Ísl. Gunnarsson borgarstjóri
Hvert er mat okkar á Kjarval?		6	Halldór Laxness rithöfundur
Myndlistarhúsið á Miklatúni		16	
Á áttatræðisafmæli Kjarvals		21	Geir Hallgrímsson fyrrv. borgarstjóri
Ágrip af Kjarvalsannál		25	Valtýr Pétursson listmálari tók saman
Málverk	bls.	5	Frá Háugjá á Þingvöllum Gjöf Ragnars Jónssonar forstjóra
Málverk		9	Lómagnúpur
Málverk		28	Bláskógaheiði
Málverk		32	Krítík
Teikning	bls.	7	Ung stúlka með hatt
Teikning		12	Fólk og dýr
Teikning		15	Kona með skotthúfu
Teikning		20	Blóm og andlit
Teikning		34	Abstraktion
Ljósmynd	bls.	18	Líkan af Myndlistarhúsinu.
Ljósmynd		23	Jóhannes S. Kjarval tekur fyrstu skóflustunguna að Myndlistarhúsinu á Miklatúni.

Litmyndir: Kristján Magnússon

Útlitsteikning: Helga B. Sveinbjörnsdóttir

Litaaðgreining og offsetprentun: Grafík hf.

Setning: Ísafoldarprentsmiðja hf.

Myndir í skrána völdu: Alfreð Guðmundsson forstöðumaður,

Helga B. Sveinbjörnsdóttir teiknari og Jóhannes Jóhannesson listmálari

Dr. Alan Boucher sá um gerð texta á ensku

Ólafur Pálmason mag. art. las prófarkir